

Fjarðabyggð  
Fljótsdalshreppur  
Múlaþing  
Vopnafjarðarhreppur

## Efni: Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs fyrir Austurland

Eins og sveitarfélögum er kunnugt þá voru umfangsmiklar lagabreytingar samþykktar á Alþingi í júní 2021 um flokkun og endurvinnslu, hollustuhætti, mengunarvarnir, úrvinnslugjald og fleira. Þessar breytingar koma flestar til framkvæmda 1. janúar nk. og er ætlað að skapa skilyrði fyrir myndun hringrásarhagkerfis svo stuðla megi að sjálfbærri auðlindanotkun og draga úr myndun úrgangs.

Fyrir liggur að öll sveitarfélög þurfa fyrir árslok að endurskoða þau þrjú megin stjórnæki sem þau hafa á grundvelli laga um meðhöndlun úrgangs, þ.e. (a) samþykktir um meðhöndlun úrgangs, (b) gjaldskrár fyrir úrgangsméðhöndlun og (c) svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs

Samkvæmt lögnum skal sveitarstjórn, ein eða fleiri í sameiningu, semja og staðfesta svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs sem gildir fyrir viðkomandi svæði til tólf ára í senn. Eldri svæðisáætlun var samþykkt fyrir Austurland árið 2006 og gildi 2005-2020.

Svæðisskipulag Austurlands 2022-2044 gerir ráð fyrir að samstillta stefnu sveitarfélaga á Austurlandi á sviði umhverfis, efnahags, samfélags og menningar með það að markmiði að tryggja sjálfbæra þróun fyrir komandi kynslóðir.

Fundur sem Samband ísl. sveitarfélaga stóð fyrir og haldinn var í byrjun maí á Hótel Héraði með fulltrúum sveitarfélaga á Austurlandi undir yfirskriftinni *Svæðisáætlun sem verkfæri í ákvörðunartöku* var sammála um að beina því til sveitarfélaga á Austurlandi að unnin yrði sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs fyrir Austurland í heild.

Hér með er óskað eftir því að sveitarfélögin á starfssvæði SSA taki afstöðu til þess hvort unnin sé sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs fyrir Austurland svo nýta megi júlí mánuð til undirbúnings næstu skrefa. Samhliða er óskað eftir því að sveitarfélögin skipi hvert um sig tvo fulltrúa í faghóp/verkefnisstjórn sem fylgir verkefninu eftir. Lagt er upp með að annar fulltrúinn gæti verið fulltrúi í þeirri fagnefnd sveitarfélagsins sem fer með málefni úrgangsmála og hringrásarhagkerfis og hinn fulltrúinn gæti verið starfsmaður sem sinnir málaflokknum. Austurbrú mun kalla faghópinn saman í byrjun ágúst, en mun fram að því vinna að frekari öflun gagna og nauðsynlegra upplýsinga, gerð verk - og kostnaðaráætlunar fyrir verkefnið o.fl. Þessi gögn verða síðan sett fram til faghópsins til umfjöllunar og eftir atvikum samþykkis hjá sveitarfélögunum.



Jóna Árný Þórðardóttir  
Framkvæmdastjóri

